

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 16. október 2020 í máli nr. 34/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 19. maí 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, f.h. og í umboði eiginmanns hennar, Y, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Z, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að bifreið sem hann festi kaup á af þriðja aðila hafi verið haldin galla þegar hún var upphaflega seld af varnaraðila. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að bæta honum að fullu það fjárhagslega tjón sem hann telur að gallinn hafi valdið honum. Það tjón felst samkvæmt sóknaraðila í flutningskostnaði bifreiðarinnar að fjárhæð 48.425 krónur og leigu á sambærilegri bifreið á meðan viðgerð fór fram að fjárhæð 145.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 19. maí 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 16. júní 2020. Athugasemdir sóknaraðila vegna andsvara varnaraðila bárust kærunefndinni sama dag. Þann 18. júní 2020 var varnaraðila boðið að senda nefndinni frekari athugasemdir og bárust þær þann 3. júlí 2020.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara, athugasemda sóknaraðila og athugasemda varnaraðila, kaupsamningur vegna kaupa á bifreiðinni, ökutækjaferill bifreiðarinnar, upplýsingar um áætlaðan kostnað við leigu sambærilegrar bifreiðar í einn mánuð, skrifleg samskipti milli málsaðila, reikningar vegna kostnaðar við flutning bifreiðarinnar frá heimili sóknaraðila til viðgerðar á verkstæði varnaraðila, svo og umboð vegna reksturs málsins fyrir kærunefndinni.

Með bréfi, dags. 4. ágúst 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á bifreið af gerðinni Land Rover Discovery Sport, árgerð 2016, af A, þann 23. maí 2019 fyrir 3.650.000 krónur. Í kaupsamningi kemur fram að bifreiðinni hafði verið ekið 123.000 km. á kaupdegi. Varnaraðili er umboðsaðili framleiðanda bifreiðarinnar hér á landi.

Bifreiðin bilaði í apríl árið 2020 þegar bifreiðin var fjögurra ára gömul og henni hafði verið ekið 136.852 km. Bilunin lýsti sér þannig að ekki var unnt að hreyfa stýrið og hávaði barst frá bifreiðinni. Viðgerðaraðili var kallaður á svæðið og var það að sögn sóknaraðila mat hans að flytja þyrfti bifreiðina frá heimili sóknaraðila í [...] til Reykjavíkur

til viðgerðar. Í kjölfarið var bifreiðin flutt til viðgerðar þann 8. apríl 2020 með aðstoð flutningsfyrirtækis. Kostnaður vegna flutningsins var samkvæmt tveimur framlögðum reikningum frá fyrirtækinu B að fjárhæð 35.000 krónur og 13.425 krónur.

Við skoðun á verkstæði varnaraðila kom í ljós að gera varð við stýrismaskínu bifreiðarinnar. Að sögn sóknaraðila sögðu starfsmenn varnaraðila að um þekktan galla væri að ræða sem stafi af því að selta valdi tæringu á boltum með þeim afleiðingum að mótör brotni frá stýrismaskínu. Gallinn hafði a.m.k. komið upp á Íslandi og í Rússlandi að sögn sóknaraðila. Varnaraðili samþykkti að gera við bifreiðina sóknaraðila að kostnaðarlausu og var viðgerðarkostnaðurinn að endingu greiddur af framleiðanda bifreiðarinnar. Varnaraðili hefur ekki fallist á að greiða útlagðan kostnað sóknaraðila vegna flutnings bifreiðarinnar.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða fyrir flutning bifreiðarinnar frá heimili sóknaraðila til verkstæðis varnaraðila. Kostnaður vegna flutningsins var alls að fjárhæð 48.425 krónur. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði henni þann kostnað fyrir leigu á sambærilegri bifreið frá 8. apríl til 14. maí 2020. Sóknaraðili krefst þess einnig að varnaraðila verði gert að endurgreiða henni málskotsgjald til kærunefndarinnar að fjárhæð 5.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt bilanagreiningu varnaraðila hafi mótör brotnað á stýrismaskínu bifreiðarinnar. Bifreiðin hafi því verið haldin undirliggjandi galla samkvæmt b. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. a. liður 1. mgr. 16. gr. laganna. Þá telur sóknaraðili að stýrisbúnaður eigi að endast lengur en aðeins fjögur ár og því eigi fimm ára kvörtunarfrestur við í málinu, sbr. 2. mgr. 27. gr. laganna.

Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að greiða fyrir flutningskostnað bifreiðarinnar og bendir á að samkvæmt 30. gr. laganna skuli úrbætur fara fram án kostnaðar fyrir neytanda. Bifreiðin var óökufær vegna bilunarinnar og því hafi enginn möguleiki verið í stöðunni annar en að flytja bifreiðina til Reykjavíkur með aðstoð flutningsfyrirtækis. Sóknaraðili segir að flutningurinn hafi verið ákveðinn í samráði við starfsmann varnaraðila í gegnum síma. Sóknaraðili bendir einnig á að varnaraðila hafi borið að afhenda sambærilegan söluhlut til umráða þar sem viðgerðin hafi tekið lengur en eina viku. Sóknaraðili telur að auðvelt hefði verið fyrir seljanda að útvega bifreið til umráða en þeirri kröfu hafi verið hafnað.

3.2. Andsvör varnaraðila

Í andsvörum sínum tekur varnaraðili fram að ábyrgð framleiðanda gildi í þrjú ár eða akstur í 100.000 km., hvort sem á undan kemur. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi keypt bifreiðina af fyrirtækinu A en varnaraðili hafi ekki haft aðkomu að söluinni. Þegar bifreiðin var seld ný af varnaraðila var kaupandi bifreiðarinnar lögaðili og því telur varnaraðili að tilvísun til laga nr. 48/2003 um neytendakaup eigi ekki við. Um kaupin gildi lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup þar sem frestur til að tilkynna galla er aðeins tvö ár.

Niðurstaða bilanagreiningar bifreiðarinnar var að stýrismaskína var brotin svo skipta varð um hana. Bifreiðin var þá rúmlega fjögurra ára gömul og hafði verið ekin 136.852 km. Ábyrgðartími framleiðanda hafi þar af leiðandi verið liðinn hvað varðar bæði aldur og akstur bifreiðarinnar. Hins vegar hafi verið óskað eftir þátttöku framleiðanda í viðgerðarkostnaði sem var samþykkt. Varnaraðili bendir á að í ábyrgðarskilmálum bifreiðarinnar komi skýrt fram að ábyrgðin gildi ekki vegna afleidds kostnaðar líkt og þess sem sóknaraðili krefst endurgreiðslu á.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum við andsvör varnaraðila tekur sóknaraðili fram að neytanda sé heimilt að bera gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef seljandi eða fyrri söluaðili hefði getað gert slíka kröfu samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Sóknaraðili telur óeðlilegt að það geti rýrt rétt neytanda að lögaðili sé fyrri eigandi bifreiðarinnar þegar ljóst sé að bifreiðin hafi verið haldin undirliggjandi framleiðslugalla frá upphafi.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt 1. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sem varnaraðili telji að gildi í málinu, getur kaupandi borið fyrir sig galla lengur en í tvö ár ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú. Að sögn sóknaraðila kom skýrt fram í samskiptum við varnaraðila að um þekktan galla sé að ræða. Því verði að telja það vítavert gáleysi að bifreiðin, og aðrar bifreiðar sömu tegundar, hafi ekki verið innkallaðar til að bæta úr umræddum galla. Varnaraðili hafi verið meðvitaður um að umræddir boltar myndu tærast upp með tímanum og verði því að bera hallann af því að viðgerðin tók langan tíma vegna erfiðleika við að nálgast varahluti. Hafi varnaraðila verið rétt að eiga viðeigandi varahluti á lager.

Sóknaraðili bendir einnig á að samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup sé seljanda heimilt að bæta úr galla á eigin kostnað ef það er unnt án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda og án þeirrar áhættu að kaupandi fái ekki bætt útgjöld sín frá seljanda. Þá eigi kaupandi rétt á sambærilegum söluhlut til afnota ef ekki er unnt að nota hlutinn í meira en eina viku vegna viðgerðar.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að galli hafi verið til staðar þegar bifreiðin var seld ný, enda sé ólíklegt að galli komi ekki fram fyrr en fjórum árum frá kaupunum. Framleiðandi hafi hafnað því að bilunin falli undir ábyrgðarskilmála en hafi þó greitt fyrir viðgerðina vegna viðskiptavildar. Varnaraðili telur að stýrismaskínu sé ekki ætlaður lengri endingartími en gildir um söluhluti almennt. Eftir mikinn akstur bifreiða, eða tæplega 140.000 km. í tilviki sóknaraðila, geti ýmsir umhverfis- og notkunarbættir haft áhrif á endingartíma íhluta bifreiða. Varnaraðili telur sig hafa gengið lengra en ábyrgðarskilmálar geri ráð fyrir með því að gera við bifreiðina sóknaraðila að kostnaðarlausu og hafnar kröfum sóknaraðila.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Kærunefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem fellur ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Varnaraðili seldi nýja bifreið af gerðinni Land Rover Discovery Sport, árgerð 2016, til A í mars árið 2016. Þann 23. maí 2019 festi sóknaraðili kaup á bifreiðinni fyrir 3.650.000 krónur af A. Í apríl árið 2020 bilaði bifreiðin og féllst varnaraðili á að gera við bifreiðina á kostnað framleiðanda. Sóknaraðili krafðist þess einnig að varnaraðili greiddi kostnað vegna flutnings bifreiðarinnar frá heimili sóknaraðila að verkstæði varnaraðila og fjárhæð sem svarar til leigu sambærilegrar bifreiðar á meðan viðgerð stóð. Varnaraðili hefur hafnað þeim kröfum sóknaraðila með vísan til þess að samkvæmt ábyrgðarskilmálum framleiðanda sé bifreiðin aðeins í ábyrgð í þrjú ár eða eftir 100.000

km. akstur. Þá hafi varnaraðili ekki selt sóknaraðila bifreiðina og beri því ekki ábyrgð á meintum göllum.

Sóknaraðili hefur ákveðið að beina kröfum sínum í máli þessu að varnaraðila sem var ekki viðsemjandi sóknaraðila. Sóknaraðili hefur heimild til að beina kröfum að fyrri samningsaðila seljanda vöru skv. 35. gr. laga um neytendakaup. Um beina kröfu er að ræða sem heimilar kaupanda að ganga inn í rétt viðsemjanda síns á hendur fyrri samningsaðila. Um svokallað lögbundið framsal er að ræða og gengur þá kaupandi, hér sóknaraðili, inn í rétt viðsemjanda síns. Það gerir sóknaraðili í máli þessu og byggir þar með kröfur sínar á hendur varnaraðila á þeim samningi sem í gildi var milli varnaraðila og A.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Löggin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa hefur samkvæmt ákvæðinu úrskurðarvald í málum vegna ágreinings milli neytanda og seljenda sem rís af sölu- eða þjónustusamningi samkvæmt lögnum. Með sölusamningi er átt við samning milli seljanda og neytanda um kaup á vöru gegn endurgjaldi, svo og hvers konar samningar sem varða bæði vörur og þjónustu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019.

Við kaup sóknaraðila á bifreiðinni af A var um sölusamning milli neytanda og seljanda að ræða í skilningi laga nr. 81/2019. Ágreiningur máls þessa varðar hins vegar kaupsamning sem fyrirtækið A gerði vegna kaupa á bifreið af varnaraðila. Er því ekki um ágreining að ræða sem rís af sölu- eða þjónustusamningi sem neytandi gerir við seljanda í skilningi laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Þá verður ekki séð að sóknaraðili byggi kröfu sína á hendur varnaraðila að öðru leyti á réttindum eða skyldum vegna samnings milli sóknaraðila og varnaraðila í tengslum við sölu á hlut eða þjónustu.

Nefndinni er því ekki annað fært en að vísa kvörtun sóknaraðila frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laganna.

V

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, Y, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt c. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson